

---

**F U N D A R G E R ð**

<b>Fundur:</b>	<b>Raforkuhópur 2013-05</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Fimmtudagur 20. júní 2013 kl. 10:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Orkustofnun, Grensásvegi 9</b>
<b>Fundarefni:</b>	1) <b>Fundargerð síðasta fundar.</b>
	2) <b>Raforkunotkun fyrirtækja sem tengjast beint flutningskerfinu.</b>
	3) <b>Aðrar forsendur raforkuspár.</b>
	4) <b>Niðurstöður endurreiknings raforkuspár.</b>
	5) <b>Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Erla Björk Þorgeirsdóttir Sverrir Jan Norðfjörð
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Orkustofnun:	Pétur Sólves Jónsson
Fjarverandi:	Ásgeir Sigtryggsson Rúnar Svavar Svavarsson Baldur Dýrfjörð Pétur E. Þórðarson Sigurður Ágústsson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) IB fór yfir tölur frá Landsneti um afl í stóriðjusamningum og sagði að síðast hefðum við fengið orkutölur og síðan notað nýtingartíma til að áætla aflið (miðað við 8.500 stunda nýtingu hjá álverunum). Aflið hjá Ísal lækkar í 380 MW úr 424 MW. Samkvæmt þessum tölum þarf að nota mismunandi nýtingartíma fyrir álverin (8400 til 8600 stundir) og var ákveðið að gera það. JV benti á að Norðurál væri að vinna í að auka framleiðsluna og spurði hvort sú stækkun væri komin inn í tölurnar. Nokkur umræða var um notkun hjá Verne og töldu fundarmenn ólíklegt að þeir yrðu komnir upp í fulla notkun árið 2014. Miðað verður við raunhæfa áætlun um Verne en sú tala mun ekki koma beint fram í skýrslunni. SJN sagði að Bercomal væri komið nánast í fulla nýtingu og því eðlilegt að miða við það.

- 3) Rætt var um aðrar forsendur raforkuspár. IB nefndi aukun notkun í fiskimjölsiðnaði (Akranes 11M og búið að kaupa ketil fyrir Höfn), málmbræðslu á Grundartanga og vinnubúðir á Þeistareykjum. J-V benti á að aukning væri hjá Kalkþörungaverksmiðjunni á Bíldudal. Eftir er að fara yfir almennu forsendurnar en IB sýndi nokkrar upplýsingar um þær.
- 4) IB sagði að ekki lægju fyrir niðurstöður endurreiknings. Niðurstöður verða sendar fundarmönnum í tölvupósti þegar þær liggja fyrir.
- 5) IB sýndi tölur um raforkunotkun í apríl og maí. Samkvæmt þeim tölum er mikil aukning í almennu notkuninni þessa mánuði eða rúm 8%. Þetta stafar mest að aukningu í ótryggðri orku og köldu veðurfari. Eftir leiðréttingu er ennþá mikil aukning í maí eða um 6% í almennri forgangsorku og sagði JV að þetta væri óeðlilega mikil aukning og skoða þyrfti betur gögnin. Villa var í tölum sem sýndar voru á síðasta fundi varðandi 1. ársfjórðung þar sem leiðrétting í febrúar fyrir hlaupári var ekki rétt. Búið er að leiðrétta það.

EBP sagðist vera búin að láta útbúa kápu fyrir raforkuspána og er hún komin til JV.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 10. október 2013.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Hitastigsleiðrétt raforkunotkun.
- Upplýsinga rum raforkunotkun..

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
IB/JV	Skýrsla um raforkuspá